

70

14. marz

Enginn, sem bakað hefur sér refsingu eða skaðabótaskyldu fyrir brot á reglugerð þessari, má fara burt úr höfninni, meðan mál hans er óútkljáð, nema hann setji tryggingu, er hafnarnefnd tekur gilda.

27. gr.

28. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum frá 20—1000 krónum, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt lögum.

Sektirnar renna í hafnarsjóð Járngerðarstaðahverfis.

29. gr.

Með mál út af brotum gegn regðlugerð þessari skal farið sem almenn lögreglu-mál.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 113 frá 30. des. 1943 til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 14. marz 1945.

Emil Jónsson.

Vigfús Einarsson.

71

16. marz

VIÐAUKI

við heilbrigðissamþykkt fyrir Siglufjarðarkaupstað, nr. 83 24. sept. 1929.

I. KAFLI

Um skipan heilbrigðisnefndar.

1. gr.

Heilbrigðisnefnd skipa bæjarfógeti, héraðslæknir og 3 menn aðrir, er bæjarstjórn kýs hlutfallskosningu til jafnlangs tíma og bæjarfulltrúarnir eru kosnir, og skal að minnsta kosti einn hinna kjörnu fulltrúa eiga sæti í bæjarstjórn.

Bæjarfógeti er formaður nefndarinnar. Nefndin kýs ritara og skiptir með sér störfum.

II. KAFLI

Um heilbrigðisfulltrúa.

2. gr.

Bæjarstjórn ræður heilbrigðisfulltrúa að fengnu samþykki heilbrigðisnefndar. Heilbrigðisfulltrúi hefur daglegt eftirlit með þrifnaði í bænum og sér um, að fyrir-mælum nefndarinnar sé framfylgt. Hann skal hafa laun úr bæjarsjóði. Nefndin ákveður laun hans. Þó skal samþykki bæjarstjórnar til, ef grunnkaup fer yfir 800 kr. á ári. Verðlagsuppbót greiðist á laun hans sem annarra starfsmanna bæjarins. Heilbrigðisfulltrúastarfinu má skipta í tvennt.

III. KAFLI

Um hreinsun hunda.

3. gr.

Heilbrigðisfulltrúi skal vandlega gæta þess, að hundahreinsun fari árlega fram, eins og fyrirskipað er, og gera nefndinni aðvart, ef út af bregður. Nefndin getur á

kostnað bæjarins látið sérprenta sérreglur um hreinsanir hunda eftir leiðarvísi í reglugerð 65/1920. 71

Hreinsunarmenn fá 4 krónur úr bæjarsjóði fyrir hvern hreinsaðan hund, auk verðlagsuppbótar eftir verðlagsvísitölu. 16. marz

IV. KAFLI

Um slátrun búfjár.

4. gr.

Enginn má slátra skepnum á verzlunarlóðinni, nema hann hafi til þess fengið leyfi heilbrigðisnefndar, og getur nefndin sett skilyrði fyrir leyfi, er tryggji, að fylgt sé fyrirmælum hennar um þrifnað og hreinlæti og mannúðlegar aðferðir við aflifun alidýra.

Nefndin getur bundið slátrunarleyfi því skilyrði, að hún skipi sérstakan eftirlitsmann með slátruninni, og greiði sá, er slátrar, eftirlitsmanni venjulegt tímakaup.

V. KAFLI

Um sölu og afhending mjólkur.

5. gr.

Heilbrigðisnefnd getur bannað sölu á mjólk, sem er súr, óhrein eða gömul. Nefndin getur bannað sölu mjólkur og mjólkurafurða frá heimilum, er sóttæm veiki geisar, eða hliða ekki þrifnaðarreglum.

VI. KAFLI

Um kjötskoðun.

6. gr.

Allt kjöt, sem selt er almenningi, skal skoðað og stimplað eða merkt af manni í Siglufirði, sem dýralæknir telur til þess hæfan.

VII. KAFLI

Um salerni.

7. gr.

Þar, sem skólpræsi er í götu, getur heilbrigðisnefnd fyrirskipað eigendum þeirra húsa, sem eru við götuna, að koma fyrir vatnssalerni í húsunum og leggja skólpæð út í götuna frá salerni og þvottaskálum. Engin tæki má setja í samband við skólpveitu bæjarins í húsum inni nema með öruggum vatnslás. Nú er þessum fyrirskipunum nefndarinnar eigi hlýtt, og getur nefndin þá látið framkvæma verkið á kostnað eiganda.

VIII. KAFLI

Um samkomuhús og gististaði.

8. gr.

Öll samkomuhús, veitingastaðir, brauðgerðarhús, brauðbúðir og aðrar matvöruhúðir, gistihús og knattborðstofur, skulu að húsrúmi og hífylapryði, ræstingu allri, öllum snyrti- og hreinlætisútbúnaði, upphitun og umgengni fullnægja kröfum heil-

- 71 brigðisnefndar. Nefndin skal setja ákveðnar reglur um hibýlaskipun og hreinlætis-
 16. marz útbúnað samkomuhúsa, og skal húsunum skipt í flokka eftir notkun. Getur hún hannað notkun umræddra húsa, ef út af bregður. Nú telur nefndin umgengni almennings, ræstingu (þar á meðal loftræstingu), hreinlætis- eða snyrtiútbúnaði hússins áfátt, en eigi ráðið bót á eftir kröfum nefndarinnar, og getur nefndin þá lokað húsinu eða skipað sérstakan gæzlumann á kostnað eiganda hússins til þess að annast eða láta annast nauðsynlegar þrifnaðarráðstafanir í þessu skyni.

IX. KAFLI

Um sorpkassa.

9. gr.

Heilbrigðisnefnd getur fyrirskipað húseigendum að hafa sorpkassa við hús sín. Ef ákvæðum nefndarinnar er ekki hlýtt, getur nefndin látið kaupa sorpkassana á kostnað húseiganda.

X. KAFLI

Um peningshús og safngryfjur.

10. gr.

Ekkert fjárhús, fjós, hesthús, svínahús, eða annað alidýrahús, t. d. hæsnahús, loðdýrabúr, sláturhús, eða safngryfjur má reisa á velzunarlóðinni, nema með leyfi heilbrigðisnefndar. Bannað er að hafa hauga eða setja rusl á staði, sem eigi er leyft af heilbrigðisnefnd. Nú er fyrir mælum heilbrigðisnefndar um frágang og umgengni um safngryfjur eða alidýrahús eigi hlýtt, og getur nefndin þá bannað alidýrahúsið eða safngryfjuna, og ef um ítrekað brot er að ræða látið taka húsið eða gryfjuna burt.

11. gr.

Heilbrigðisnefnd getur látið dýralækni eða annan þar til hæfan mann framkvæma skoðun á kúm og öðrum búpeningi í umdæminu, þegar nefndin telur þess þörf, og greiðist kostnaðurinn við það úr bæjarsjóði.

12. gr.

Þegar heilbrigðisnefnd hefur ákveðið hreinsun lóða eða aðra þrifnaðarráðstöfun, er bæjarsjóði skylt að greiða kostnaðinn til bráðabirgða.

XI. KAFLI

Um notkun sundlaugar.

13. gr.

Enginn má fara í sundlaug bæjarins nema hann fylgi reglum, er bæjarstjórn og heilbrigðisnefnd setja um notkun laugarinnar og umgengni alla á lóð laugarinnar. Brot á þeim reglum varða sektum sem brot á heilbrigðissamþykktinni.

XII. KAFLI

Um sektir og afnám eldri ákvæða.

14. gr.

Brot gegn ákvæðum þessum varða sektum sem önnur brot á heilbrigðissamþykktinni, og eru hér með öll eldri ákvæði, er brjóta í bág við ofangreind ákvæði, úr gildi fallin,

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt samkvæmt lögum nr. 35 12. febr. 1940, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað. **71**

16. marz

Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 16. marz 1945.

Finnur Jónsson.

Ragnar Bjarkan.

REGLUGERÐ

72

17. marz

um breyting á reglugerð nr. 4 2. jan. 1942, um varnir gegn útbreiðslu nokkurra næmra sauðfjársjúkdóma og stuðning til bænda, er bíða tjón af þeim, sbr. lög nr. 75 27. júní 1941.

Aftan við 37. gr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Nefndinni er heimilt að fella niður, eða draga af uppeldisstyrk til fjáreigenda, sem byggja afkomu sína að mestu eða nokkru leyti á öðru en sauðfjárrækt. Einnig má nefndin fella niður, eða draga af uppeldisstyrk, eftir því, hve miklar skattskyldar tekjur fjáreigendur hafa.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 75 27. júní 1941, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 17. marz 1945.

Pétur Magnússon.

Gunnl. E. Briem.

REGLUGERÐ

73

17. marz

um holræsi og holræsagjald fyrir Blönduóshrepp.

1. gr.

Þar, sem hreppurinn hefur lálið leggja holræsi í götu eða á opnu svæði, á kostnað sveitarsjóðs, eða þar sem hreppurinn hefur keypt og tekið að sér viðhald og endurnýjun eldri holræsa, er hverjum húseiganda skylt að leggja á sinn kostnað ræsi frá húsinu, er flytji allt skólþ frá því út í aðalræsið. Vanræki einhver húseigandi að gera ræsi með hæfilegum fresti, er hreppsnefnd setur, skal hreppsnefndin láta vinna verkið á hans kostnað.

2. gr.

Áður en húseigandi byrjar að leggja ræsi sitt, skal hann skýra oddvita eða þeim, er hreppsnefnd felur umsjá með lagningu holræsa um þorpið, frá því og fá samþykki þar til. Skal allt, sem holræsum utan húss og innan tilheyrir, ákveðið í samráði við umsjónarmann. Hann skal og hafa umsjá alla með verkinu og er húseiganda skylt að hlýða fyrirmælum hans í öllu því, er að tilhögun og lagningu ræsanna lýtur.

Engir mega leggja eða ganga frá holræsum, sem liggja í holræsanet hreppsins, nema hreppsnefnd hafi viðurkennt þá hæfa til þess starfs.